

## Stjórnarfundur 11. September

Mætt: Erlendur, Logi, Bjarni, Elsa og Áslaug. Ingibjörg hefur sagt sig frá stjórnarstörfum þar sem það fer illa með hennar nýja starfi sem forstöðumaður Listasafns Íslands að standa í þrasi við listamenn. Bjarni hefur tekið að sér að sinna formennsku fram að aðalfundi.

### 1. Aðsókn að námskeiðum

Aðsókn að barnanámskeiðum er svipuð og venjulega en óvenju dræm að fullorðinsnámskeiðum. Spurning hvort við getum bætt okkur í auglýsingamálunum. T.d. er sérstakt að námskeið fyrir eldri borgara sem var mjög vinsælt og með löngum biðlista á síðustu önn hreyfist ekki núna. Elsa hafði reyndar fregnað að Félag eldri borgara sé að auglýsa mjög ódýrt námskeið með Bjarna Daníelssyni. Könnum það betur.

### 2. Farið yfir ársreikning

Drög að ársreikningi voru yfirfarin á síðasta fundi með Evu. Þau eru í endurskoðun og reikningurinn verður yfirfarinn með Jóhanni Ólafssyni fyrir aðalfund.

### 3. Farið yfir fjárhagsáætlun komandi skólaárs

Á síðasta fundi kynnti Eva sömuleiðis lauslega fjárhagsáætlun komandi skólaárs. Farið var aftur yfir helstu tölur. Einhver frávík eru þegar orðin frá áætluninni og verða enn frekar ef illa gengur með skráningu á kvöldnámskeið.

### 4. Launastefna skólans

Yfirstandandi aðgerðum er m.a. ætlað til að leiðrétta kúrsinn á launastefnu skólans. Stefnan er sú að laun séu sanngjörn og gegnsæ en allir eiga að fá greitt eftir sama taxta. Ýmislegt hefur farið úr böndunum í gegnum tíðina.

Rætt um samanburð við laun hjá öðrum stofnunum og mikilvægi þess að draga með skýrum hætti fram hvað verið er að greiða fyrir. Lagt til að taka undirbúningsstundirnar fram í kennslusamningi.

Áslaug áformar að halda áfram með breytingar og þá helst þá að gerð samninga verði færð yfir á eina hendi og sömuleiðis að vinnsla gagna fyrir ársskýrslu verði færðar úr höndum deildarstjóra/yfirkennara. Það myndi aflétta íþyngjandi bókaldaþjón af þeim. Hugmynd Áslaugar er að smningar verði færðir yfir áhendur rekstrarstjóra sem yrði þá í 100% starfi sem slíkur en ekki 80% og 20% Erasmusumsjón. Erasmus yrðir áfram í höndum einstaklings sem starfar á bókasafni. Ef af þessu verður mætti minnka starfshlutfall deildarstjóra sjónlistadeildar niður í 75-80% þar sem samningar eru mjög margir. Ekki stendur til að minnka starf yfirkennara annarra brauta.

### 5. Samningur við ríki

Áslaug er að vinna skýrslu fyrir ráðuneytið sem er sagt að verði grundvöllur undir umræðu um nýjan samning. Skilafrestur er á morgun. Lögfræðingur ráðuneytisins sem er í sambandi við Áslaugu er mjög bjartsýnn á að af þessu verði en Áslaug er að gera þetta í þriðja sinn á nokkrum árum svo það er ekki búið að bíta úr nálinni með þetta.

### 6. Staða húsnæðismála

Húsnæðisnefndin gerði tilboð í annað tveggja húsanna á horni Laugavegar og Rauðarárstígs sem skólinn hefur verið að reyna að kaupa í rúmt ár. Tilboðið var í við herra en það síðasta en ef tilboð Þorpsins stendur er enn munur á verðinu þannig að

skólinn ætti að eiga einhverja fjármuni til að móða úr við framkvæmdir í húsinu og þarf því að taka minna lán, ef nokkurt. Engin svör hafa enn borist og leigusamningur Þorpsins við ríkið hefur ekki heldur verið staðfestur.

#### 7. Önnur mál

Aðalfundur verður boðaður mánudaginn 30. október. Ósk félagsstjórnarinnar um að hafa hann miðvikudaginn 25. október er mun verri þar sem þá er verið að kenna í flestum stofum og mjög margt fólk kemst ekki til fundarins vegna starfa á vegum skólans.

Elsa hyggst ekki bjóða sig fram áfram en hún telur sig geta orðið til meira gagns á öðrum vettvangi. Að hennar mati hafa fjármál fengið mikla athygli en að kominn sé nú tímmi á mannauðinn.

Mikilvægt er að festa dagsetningar með Gott og gilt fyrir starfamannakönnunina sem boðuð hefur verið, fyrir aðalfundog að hún taki bæði til fastra starfsmanna og kennara með einhverjum hætti.

Rætt um að halda málþing með innleggjum um áhugavert málefni, umræðum og partýi í lokin. Áslaug er á því að slíkt málþing væri tilvalið verkefni fyrir félagsstjórnina. Hún mun senda þeim póst og nefna þá hugmynd.

Rætt var um þörf fyrir trúnaðarmann fyrir starfsfólk t.d. ef misbrestir koma upp á milli kennara og deildarstjóra. Nefndur var möguleiki á að virkja námsráðgjafa skólans fyrir slíka ferla. Áhersla var lögð á að finna þessu farveg og kynna fyrir starfsfólki með formlegum hætti.

Rætt var um nýtt fyrirkomulag jólaboðsins til að minnka álag á starfsfólk skólans og minnka matarsóun.

Fundi slitið.

Fundargerð ÁTh

# Undirritunarsíða

Bjarni Hinriksson

Erlendur Hjaltason

Logi Bjarnason

Elsa Dórothea Gísladóttir